

BORGARRÁÐ 15. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að vatns- og fráveitugjald miðist ekki við stærð eignar - R18110143

Lagt er til að gerð verði breyting á hvernig vatns/ og fráveitugjald er reikna á íbúðir og önnur mannvirki sem tengd eru fráveitukerfi borgarinnar. Þetta gjald er innheimt mánaðarlega, í sama gjalddagafjölda á ári og fasteignagjöld

Í stað þess að reikna gjaldið út samkvæmt fermetrafjöld eignar skal reikna það út frá áætlaðri notkun á vatni eða frárennislögum. Slík mæling gæti t. d. frekar miðast við fjölda skráðra heimilismanna í hverri íbúð, því notkun fer eftir fjölda notenda en ekki eftir stærð íbúðar.

Greinargerð.

Það er mjög ósanngjarnt að reikna þetta gjald út frá fermetrafjölda eignar vegna þess að það segir ekkert til um magnnotkun á vatni eða frárennislögnum. Að gjaldstofn þessi skuli vera fermetragjald íbúðastærðar (ásamt bílskúr ef við á), kemur afar óhentugt út fyrir eldra fólk. Margt eldra fólk situr eitt eftir í stórrí íbúð, eða húsi, sem áður var heimili hjónanna og barna þeirra. Þegar árin færast yfir fljúga börnin úr hreiðrinu. Í besta falli eru þá foreldrarnir eftir í íbúðinni. Tvær eldri persónur sem yfirleitt eru farnar að hafa hægar um sig og hafa frekar litla vatns- eða frárennislisnotkun miðað við yngra fólk. Eldamennska og þvottur í minni kantinum þar sem matarboðum fækkar og oftar pantaður matur sem eldaður er annars staðar. Þess utan er innheimtan á sérstöku reikningseyðublaði, sem spurning er hvort uppfyllir lagaskilyrði og reglur Ríkisskattstjóra um tekjuskráningu á sölureikningum. Ástæða þess er sú að á innheimtuskjali er hvorki að sjá tilgreindan einingafjölda eða einingaverð. Á reikningsformið er áritaður reitur fyrir einingaverð en enginn dálkur er fyrir fjölda keyptra eininga þó eining sé miðuð við fermetra. Einungis er tilgreint nafn gjaldsstofns og gjaldfærð upphæð hvers gjaldsstofns.